

Mánudaginn 20. maí 1963.

Nr. 4/1963.

**Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna
Guðmundar Jónssonar**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og
sjómannafélags Miðneshrepps**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Varadómari Bjarni K. Bjarnason
í stað Einars Arnalds.

Verkfall dæmt ólögmeitt, en sýknað af kröfu um sektir.
Sératkvæði.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. þ. m., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Guðmundar Jónssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi hafið ólögmeita vinnustöðvun á hendur Guðmundi Jónssyni.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar vegna nefndrar ólöglegtrar vinnustöðvunar.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu skaðabóta, en við meðferð málsins hér fyrir dómi hefur hann dregið þá kröfu til baka að sinni, en áskilið sér rétt til þess að krefjast í sérstöku máli skaðabóta úr hendi stefnda fyrir tjón af ólögmeitu verkfalli, ef dómur fellur á þá lund.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Með dómi Félagsdóms, uppkv. 18. janúar þ. á., var dæmt, að kjarasamningur um kaup og kjör á sildveiðum,

dags. 13. júní 1958 með breytingum 15. maí 1959, hefði gilt á sumarsildveiðum fyrir Norðurlandi árið 1962 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps og væri þá enn í gildi milli þeirra.

Í Sandgerði, sem er á félagssvæði nefnds verkalýðsfélags rekur Guðmundur Jónsson útgerðarstöð. Sjálfur er hann hins vegar búsettur á Rafnkelsstöðum í Gerðahreppi á félagssvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps. Þá er Guðmundur félagismaður í Útvegsmannafélagi Gerðahrepps, sem er í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Samkvæmt því, sem fram er komið í þessu máli, er Guðmundur hins vegar ekki beinn félagismaður í L. Í. Ú., en þeim félagsskap er svo háttað, að hann er bæði samband útvegsmannafélaga og einstakra útvegsmanna. Af gögnum málsins og málflytningi er ljóst, að höfuðatvinnurekstur Guðmundar Jónssonar er í Sandgerði. Segir í vottorði sveitarstjóra Miðneshrepps, dags. 15. maí þ. á., að hann hafi „með höndum eftirtalinn atvinnurekstur í Sandgerði.“

- „1. Bátarekstur í meira en tvo áratugi.
2. Hraðfrystihús frá árinu 1959
3. Saltfiskvinnslu — — 1956
4. Skreiðarverkun — — 1956
5. Sildarverkun — — 1956
6. Beinamjölsværsm. — — 1959
7. Sildarverksmiðju frá áram. 1963“.

Eru þessar upplýsingar í samræmi við þá staðreynd, að Guðmundur hefur gert ýmsa kjarasamninga við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps, svo sem um kjör sjó- og landmanna við vélbáta á línuveiðum í Sandgerði árið 1956 og 1957, samning um kjör á þorskveiðum 1959 og samning um kaup og kjör verkafólks árið 1961. Þá hefur hann hinn 1. febrúar 1962 gert kjarasamning um ákvæðisvinnukaup við áhnýtingu, uppsetningu á línu og beitingu og 30. okt. f. á. kjarasamning um kjör sjó- og landmanna við vélbáta á línu og þorsknetjaveiðum frá

Sandgerði, og gilda kjör þessa samnings einnig við botnvörpu, dragnót og humarvörpuveiðar.

Samkvæmt veðbókarvottorðum, dags. 14. þ. m., eru þessir bátar Guðmundar: Jón Garðar GK. 510, Sigurpáll GK. 375 og Viðir II GK. 275 taldir í Garði, heimilissveit Guðmundar. Í vottorði lögskráningarstjórans í Sandgerði, dags. 15. maí s.l., segir hins vegar svo:

„Frá því að Guðmundur Jónsson Rafnkelsstöðum hóf útgerð í Sandgerði, hefur að jafnaði verið lögskráð á báta hans hér, að undanskildum eftirtöldum tímabilum:

Á m/b Jón Garðar GK 510 til sumarsildveiða 1962 og til haustsildveiða 1962.

Á v/b Viði II, GK 275 til haustsildveiða 1962.“

Eins og fram kemur af áðurnefndum dómi Félagsdóms 18. janúar þ. á. var ágreiningur um það milli L. Í. Ú. og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, hvaða kjör hefðu átt að gilda á sumarsildveiðum 1962 í skiptum nefnds verkalýðsfélags og viðsemjenda þess í útvegsmannastétt um sildveiðikjör. Urðu úrslit þess máls þau, að dæmt var, að í gildi hefði verið sumarið 1962, að því er nefnt félag varðaði, sildveiðisamningurinn frá 13. júní 1958 með þeirri breytingu, sem gerð var 15. maí 1959. Mun þessi dómur einnig hafa í reynd náð til annarra verklýðs- og sjómannafélaga.

Þegar sildveiðar skyldu hefjast á s.l. hausti kom til deilu um það milli samtaka sjómanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar, hvaða kjör skyldu gilda á þeirri sildarvertíð, er þá fór í hönd. Lauk þeim ágreiningi með kjarasamningi, dags. 20. nóv. 1962, en að honum stóðu annarsvegar L. Í. Ú. vegna 9 útvegsmannafélaga og hins vegar 10 stéttarfélög sjómanna og verkamanna. Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps gerðist ekki aðili að þessum samningi og hefur eigi enn samið um önnur kjör en þau, sem talin voru gilda samkvæmt samningnum frá 1958 og 1959. Útvegsmannafélag Gerðahrepps og Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps hafa eigi heldur gerzt aðiljar að samningnum frá 20. nóv. 1962.

Samkvæmt skýrslu stefnanda gerði Guðmundur Jóns-

son út 4 báta á sildveiðar á s.l. hausti, en annar útvegsmaður í Útvegsmannafélagi Gerðahrepps 1 bát, Jón Finnsson GK. 506. Kveður stefnandi að skráð hafi verið á þessa 4 báta Guðmundar samkvæmt samningum frá 20. nóv.1962, að því tilskildu, að skipverjar skyldu njóta þess, ef samið yrði milli Útvegsmannafélags Gerðahrepps og Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps „um hagstæðari skiptaprósentu“. Á v/b Jón Finnsson GK. 506 hafi hins vegar verið skráð samkvæmt samningi, og skil við háseta miðast við nefndan samning frá 20. nóv. 1962 og það ekki sætt gagnrýni. Er og ekki fram komið að deilt sé fyrir dómstólum um skil til sjómanna samkvæmt þeim samningi.

Eigi fara sögur af samskiptum málsaðilja út af sildveiðum Guðmundar Jónssonar á s.l. vetrarmánuðum, en hinn 26. apríl ritar Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps Guðmundi svofellt bréf:

„Fundur var haldinn í stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðs- og Sjómannafélags Miðneshrepps 24. 4. 1963. Fyrir var tekið: „Ágreiningur við Guðmund Jónsson, útgerðarmann, um sildveiðikjör“. Eftir að málið hafði verið rætt, var gerð svofelld samþykkt: „Með dómi Félagsdóms uppkveðnum 18. janúar 1963 var dæmt að kjarasamningur, dags. 13. júní 1958 með breytingum, dags. 15. maí 1959, hafi gilt á sumarsildveiðum 1962 milli Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, og meðlima L. Í. Ú. og sé enn í gildi. Allt að einu hefir Guðmundur Jónsson útgerðarmaður, sem er meðlimur L. Í. Ú., haldið því fram, að hann sé ekki bundinn af sildveiðisamningum þessum. Að svo vöxnu máli samþykkir trúnaðarmannaráðið samkvæmt 14. gr. laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, að lýsa yfir vinnustöðvun hjá Guðmundi Jónssyni útgerðarmanni, og nái vinnustöðvunin til allrar sildveiði á skipum hans, svo og hvers konar sildarvinnu hjá honum í landi. Vinnustöðvunin komi til framkvæmda 3. maí 1963 kl. 12 á miðnætti. Þetta tilkynnist yður hér með.“

Þessu bréfi svöruðu Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Vinnuveitendasamband Íslands vegna Guð-

mundar hinn 30. apríl s.l. á þá leið, að þau teldu boðaða vinnustöðvun löglausa með öllu og mundu sækja verklyðsfélagið til ábyrgðar, ef hún kæmi til framkvæmda. Hinn 3. maí tilkynnti verklyðsfélagið Guðmundi Jónssyni, að boðuðu verkfalli væri aflýst, en ritaði honum samdægurs annað bréf samhljóða áðurgreindu bréfi frá 26. apríl s.l., að því undanskildu, að nú var boðuð vinnustöðvun, er koma skyldi til framkvæmda þann 12. maí 1963, kl. 24.

Áður greind sambönd, L. Í. Ú og V. Í., mótmæltu enn með bréfi, dags. 9. þ. m., lögmæti boðaðrar vinnustöðvunar og kváðust mundu sækja verkalýðsfélagið til ábyrgðar, ef hún kæmi til framkvæmda. Er í bréfi þessu vakin athygli verkalýðsfélagsins á tveimur atriðum. Í fyrsta lagi hafi tilkynningin um vinnustöðvunina eigi að geyma skýlausa greinargerð um það, hverjar þær kröfur séu, sem Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps hyggist knýja fram með vinnustöðvuninni og eigi sé vitað, að slíkar kröfur séu skjállega fyrir hendi. Í annan stað benda samböndin á það, að ef skilja beri verkfallsboðunina svo, að verkalýðsfélagið vilji ekki una því, að Guðmundur Jónsson telji sig óbundinn af dómi Félagsdóms í málinu nr. 10/1962 (er þar átt við áðurnefndan dóm frá 18. jan. þ. á.) þá sé þar um ágreining að ræða, sem Félagsdómur eigi úrskurðarvald um og sé þá óheimilt að knýja fram úrslit í því ágreiningsefni með vinnustöðvun.

Eftir móttöku þessa bréfs tilkynnti verkalýðsfélagið Guðmundi Jónssyni, að framkvæmd vinnustöðvunar við sildarvinnu í landi yrði frestað til kl. 24 á miðnætti 19. þ. m., en vinnustöðvun á sildveiðiskipum Guðmundar hófst á þeim tíma, sem verkalýðsfélagið hafði boðað.

Dómkröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á ástæðum þeim, sem greindar eru í frammannefndu bréfi, dags. 9. þ. m. Heldur hann því fram, að dómur Félagsdóms 18. janúar þ. á., sé ekki bindandi fyrir Guðmund Jónsson. Hann sé búsettur í Gerðahreppi og eigi bátar hans heimahöfn þar og í þeim hreppi séu margir af áhöfn bátanna heimilisfastir. Guðmundur Jónsson sé félagsmaður í Út-

vegsmannafélagi Gerðahrepps og með þeim hætti félagsbundinn í L. Í. Ú. en hann sé ekki beinn félagsmaður í L. Í. Ú. og því ekki í hópi hinna svonefndu „beinu félaga“, í Sandgerði, þótt hann hafi þar með höndum atvinnurekstur. Þá kveður stefnandi, að í Gerðahreppi sé sérstakt verklyðsfélag, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, og hafi athugasemdalaust af þess hálfu verið skráð á báta Guðmundar á sildveiðar á s.l. hausti samkvæmt sildveiðisamningnum frá 20. nóv. 1962. Er því þannig eindregið haldið fram af stefnanda, að oftnefndur dómur Félagsdóms 18. jan. þ. á. bindi ekki Guðmund Jónsson. Geti sá dómur því ekki heimilað Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps að beita verkfalli gagnvart honum samkvæmt verkfallsheimild 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938. Af þessu leiði að umdeilt verkfall Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps gagnvart Guðmundi Jónssyni, sé ólöglegt og nefnt félag bótaskyld vegna þess.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vinnustöðvun sú, sem hófst 12. þ. m. gagnvart sildveiðibátum Guðmundar Jónssonar sé í alla staði löglegt. Tilfni hennar hafi verið það, að Guðmundur hafi í aprilmánuði s.l. þverskallast við það, að láta skrá skipshafnir sínar á sildveiðar samkvæmt sildveiðikjarasamningnum frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959, enda þótt kveðið hafi verið á um það í dómi Félagsdóms 18. jan. þ. á., að sá samningur væri bindandi og í gildi milli Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Með þessum dómi hafi ótvírætt verið úr því skorið, að Guðmundur Jónsson, sem reki umfangsmikla útgerð í Sandgerði og sé félagsmaður í L. Í. Ú., sé bundinn við kjarasamninginn frá 1958 og 1959. Hafi Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps því verið heimilt samkvæmt 1. tölul. 17. gr. laga nr. 80/1938 að beita vinnustöðvun til þess að knýja hann til þess að skrá skipshafnir á báta sína með þeim kjörum, sem nefndur samningur geymir, þar sem hann sé enn í gildi. Er því haldið fram af stefnda, að engu máli skipti þótt heimilisfangi

og búsetu Guðmundar sé svo háttað, sem að framan greinir, því öll útgerðarstarfsemi hans að kalla fari fram í Sandgerði og þaðan séu bátar hans í reynd gerðir út, enda að jafnaði verið lögskráð á þá þar.

Í annan stað byggir stefndi réttmæti vinnustöðvunar sinnar á því, að henni sé beint gegn Guðmundi sem vinnuveitenda í Miðneshreppi til viðurkenningar á því, að Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps geti krafist samninga við hann, og þá gert kröfu um það, að hann gerist í verki aðili að samningnum frá 1958 með því að láta skrá á skip sín samkvæmt honum.

Loks hefur stefndi mótmælt því, að skapazt hafi nokkur bótaréttur á hendur sér út af nefndri vinnustöðvun.

Af gögnum máls þessa er ljóst, svo sem að framan er rakið, að Guðmundur Jónsson rekur nú umfangsmikla útgerðarstarfsemi í Sandgerði og hefur árum saman stundað útveg þaðan. Einnig er framkomið, að hann hefur á undanförunum árum gert margs konar kjarasamninga við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps bæði um vinnu í landi og á fiskiskipum sínum, svo sem um kjör sjómanna á línuveiðum, á veiðum með botnvörpu, dragnot o. fl. Hins vegar var eigi beinlínis um hann fjallað eða samningsskyldur hans í dómi Félagsdóms frá 18. janúar þ. á. og bátar hans voru eigi nafngreindir í þeim dómi.

Ljóst er af ákvæðum 1. liðar 17. gr. laga nr. 80/1938 að heimild sú til vinnustöðvunar, sem þar greinir, er undantekning frá þeirri almennu reglu, að eigi megi hefja vinnustöðvun út af atriðum, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um. Verður í því efni að gera stranga kröfu um það, að dómur sem knýja á fram fullnægju á með vinnustöðvun, fjalli beint og skýlaust um skyldu þess aðilja, sem vinnustöðvuninni er beint gegn. Í þessu máli deila aðiljar í reynd um það, hvort Guðmundur Jónsson sé gagnvart Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps bundinn við síldveiðisamninginn frá 1958 og 1959. Til þess að fá úr þessu skorið var aðiljum greið dómstólaleiðin, því hvað sem leið tilgreindum lögskráningarkjörum háseta á bátum Guðmundar, héldu hásetar sam-

kvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938, þeim kjörum, sem gildandi kjarasamningur mælti fyrir um og veitti þeim rétt til. Gat verkalýðsfélagið við lögskráningu, eins og það líka gerði samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Sandgerði, áskilið sér allan rétt og þannig firrt sig þeirri hættu, að borið yrði við tómlæti af þess hálfu.

Þegar þetta er virt og til þess litið, að dómur Félagsdóms frá 18. janúar s.l. kvað ekki berum orðum á um persónulega skyldu Guðmundar eða félagslega afstöðu hans til Landssambands íslenzkra útvegsmanna verður eigi talið, að nefndur dómur sé svo skýlaus og ótvíræð heimild um samningsskyldu Guðmundar Jónssonar gagnvart Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps, að nefndu félagi hafi verið heimilt að beita vinnustöðvun í því skyni að knýja hann til ákveðinna athafna eða ráðstafana.

Þá kemur til álita sú málsástæða stefnda, að tilgangur vinnustöðvunarinnar hafi verið sá, að fá Guðmund Jónsson til þess að viðurkenna Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps sem samningsaðilja um kaup og kjör hásetanna og vinnustöðvun fyrir þær sakir lögmæt.

Eigi verður af gögnum málsins séð, að kröfur stefnda og aðgerðir hafi verið á því byggðar, að ósamið væri milli verkalýðsfélagsins og Guðmundar um sildveiðikjörin, því aðgerðir félagsins virðast þvert á móti hafa mótast alfarið af þeirri afstöðu, að samningur væri í gildi milli þess og Guðmundar um sildveiðikjörin. Þegar á þetta er litið og það haft í huga, að gera verður kröfu til þess, að sá sem ákveður og beitir vinnustöðvun, hafi gefið skýlaust til kynna, hvaða kröfum hann er að framfylgja með vinnustöðvun sinni, verður eigi heldur talið að stefndi hafi að þessu leyti fullnægt lögmæltum skilyrðum til vinnustöðvunar.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá kröfu stefnanda að framangreind vinnustöðvun sé dæmd ólögmæt. En eigi þykir ástæða til þess að dæma sekt á hendur stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Framangreind vinnustöðvun er ólögmat.

Stefndi á að vera sýkn af sektarkröfu stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Með dómi Félagsdóms í málinu nr. 10/62: Verkalýðs- og sjómanna-
mannafélag Miðneshrepps gegn Landssambandi islenzkra útvegsmanna, sem kveðinn var upp 18. jan. 1963, er dæmt, að samningur sjómannasamtakanna við L. Í. Ú. frá 13. júní 1958 með breytingum 15. maí 1959 sé enn í gildi nema þar sem útvegsmannafélög eða einstakir útvegsmenn höfðu sagt samningnum upp. Stefnandi þessa máls er meðlimur í Útvegsmannafélagi Gerðahrepps, sem er eitt af félögum Landssambands islenzkra Útvegsmanna, en það félag hafði ekki sagt upp áðurgreindum samningi. Stefnandi er því samkvæmt dómi Félagsdóms bundinn af ofannefndum samningi og ber að skrá á skip sín og gera upp við skipshafnir sínar samkvæmt honum. Ber því með skírskotun til 17. gr. 1. töluliðar laga nr. 80/1938 að sýkna stefnda.

Eftir ástæðum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi í máli þessu, Verkalýðs- og sjómanna-
félag Miðneshrepps, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.
